

Mánudaginn 13. janúar 1919.

Nr. 66/1918.

Björn Gíslason
gegn
Oddi Gíslasyni

Úrskurður:

Hinn fyrsta fyrirtektardag máls þessa 16. f. m. lagði áfrýjandi fram áfrýjunarstefnu og dómsgjörðir og bað svo um frest til málsútlistunnar til næsta rjettardags, með því að hann hefði ekki fengið dómsgjörðir undirrjettarins fyrir en daginn áður. Fyrir hönd stefnda mætti yfirrjettarmálaflutningsmaður Jón Ásbjörnsson; mótmælti hann að hinn umbeðni frestur yrði veittur, og krafðist frávísunar málsins og málskostnaðar. En þar sem urboðsmaður stefnda hefir ekki vefengt skýrslu áfrýjanda um ástæðu þá, er frestbeiddin byggist á, virðist ekki næg ástæða til að neita áfrýjanda um stuttan frest til málsútlistunar og ber því að veita honum vikufrest í þessu skyni.

Fyrir því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist vikufrestur til málsútlistunar.